

Reykjavík 09. ágúst 2016

Innanríkisráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

## **Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um sjálfstæða mannréttindastofnun Íslands.**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnum drögum að frumvarpi til laga um að setja á stofnun mannréttindastofnun Íslands, til samræmis við ályktun Sameinuðu þjóðanna um innlendar mannréttindastofnanir og Parísarreglur þeirra um stöðu og verksvið slíkra stofnana.

Sem aðildarfélag og stofnaðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands vilja Barnaheill hvetja til þess að þekking sú og reynsla sem safnast hefur í starfsemi MRSÍ verði nýtt til að byggja grunn að þeirri stofnun sem sett verður á laggirnar með umræddu frumvarpi, verði það að lögum.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) sinnir helstu verkefnum innlendar mannréttindastofnunar á Íslandi. Skrifstofan hefur frá upphafi komið, og kemur enn, fram fyrir Íslands hönd á vettvangi Evrópuráðsins og hjá Sameinuðu þjóðunum. Skrifstofan er fulltrúi Íslands í norrænu samstarfi og í Evrópusamtökum mannréttindastofnana. Skrifstofan gerir umsagnir um lagafrumvörp, upplýsir alþjóðlegar eftirlitsstofnanir um stöðu mannréttinda á Íslandi, stendur fyrir málþingum, rannsóknum og útgáfu, gerð mannréttindafræðsluefnis og tekur þátt í opinberum nefndum og samstarfi við háskóla og frjáls félagasamtök, hér á landi sem og erlendis. Þá hefur skrifstofan staðið að herferðum gegn mannréttindabrotum s.s 16 daga átaki gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, svo fátt eitt sé talið.

Að mati Barnaheilla er mikilvægt að skýra hlutverk Mannréttindastofnunar Íslands betur en gert er í drögnum að lagafrumvarpinu. Mikilvægt er að í lögum komi nánar fram með hvaða hætti stofnunin eigi að sinna eftirlitsskyldu sinni. Svo sem hvaða verklag eigi að viðhafa gagnvart þeim sem eru eftirlitsskyldir, hverjir séu hinir eftirlitsskyldu, hvaða gögnum á að safna og hvernig, og hvaða vægi umsagnir Mannréttindastofnunar hafa. Að mati Barnaheilla ætti Mannréttindastofnun Íslands að hafa heimildir til að gefa út bindandi álit eða áskoranir til stofnana ríkisins og sveitarfélaga. Jafnframt vakna spurningar um hvort Mannréttindastofnun ætti að hafa heimildir til að reka mál fyrir dómstólum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum sem ekki bregðast við beiðnum um betri framkvæmd ef hún hefur reynst slæleg eða ófullnægjandi.

Að mati Barnaheilla skortir umfjöllun um mannréttindi í athugasemdum og um það hvaða þýðingu eftirlit með innleiðingu mannréttindasamninga hefur almennt fyrir samfélög. Nær enga umfjöllun er að finna um þá mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að og þær skyldur sem þeir hafa í för með sér.

Vert er að undirstrika mikilvægi þess að mannréttindastofnun njóti virðingar og að álit hennar og ráðleggingar séu teknar alvarlega. Auk þess er mikilvægt að sjálfstæði stofnunarinnar verði í hávegum haft og að stofnunin hafi skýrar heimildir til að bregðast við brotum á mannréttindum og hafi viðeigandi úrræði til að beita viðurlögum gagnvart þeim sem gerast brotlegir við lög og þá mannréttindasamninga sem Ísland hefur undirritað og fullgilt.

Barnaheill ítreka ánægju sína með að til standi að setja á stofn sjálfstæða mannréttindastofnun Íslands og taka undir mikilvægi þess, en hvetja til þess að frumvarpið verði endurskoðað með ofangreindar athugasemdir til hliðsjónar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og hvetja til þess að fyrirhugaðri mannréttindastofnun Íslands verði veitt viðeigandi vægi sem eftirlitsaðili með brotum á mannréttindum á Íslandi, gagnvart börnum sem öðrum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri